

Anna Dóra Jónsdóttir

From: Sveitarstjóri Flóahrepps
Sent: miðvikudagur, 7. júlí 2021 11:29
To: Anna Dóra Jónsdóttir
Subject: FW: Beiðni um fulltrúa í nefnd - hestaípróttir

SF_252

From: Formaður <stjorn@sleipnir.is>
Sent: mánudagur, 5. júlí 2021 07:44
To: Sveitarstjóri Flóahrepps <floahreppur@floahreppur.is>
Subject: Beiðni um fulltrúa í nefnd - hestaípróttir

Stjórn Sleipnis óskar eftir því við sveitarstjórn Flóahrepps að tilnefndur verði fulltrúi sveitarfélagsins í nefnd sem ætlað er að vinna að skipulagsmálum er varða hestaípróttir í Flóahreppi og Árborg.

Mikilvægt er að vinna við undirbúning fram tíðar svæðis til hestaípróttar í Árborg og Flóahreppi verði unnin með fulltrúum allra hagsmunaaðila til að draga úr flækjustigi og stytta boðleiðir.

Skipulagsmál félagsins kalla á aðkomu Flóahrepps vegna nauðsynlegra breytinga á aðalskipulagi sbr. fyrra erindi frá Sleipni.

Sveitarfélagið Árborg er eigandi að þeim lóðum í Flóahreppi, sem litið er til sem fram tíðarsvæðis félagsins, skipulags og bygginganefnd Árborgar hefur þegar samþykkt að vinna rammaskipulag fyrir svæði Sleipnis.

Vegagerðin leikur stórt hlutverk og er örlagavaldur varðandi fram tíðarsvæði Sleipnis.

- Óskað er eftir því að fram tíðar hringtorg sem fyrirhugað er að byggja í framhaldi af nýrri brú yfir Ölfusá, austan Selfoss, verði með undirgöngum til að tryggja áframhaldandi aðgengi að reiðvegum, norðan og austan nýja hringtorgsins.
- Að Suðurlavvegur verði tengdur við nýja hringtorgið svo megi afleggja þann hluta Gaulverjabæjarvegur sem liggur milli fyrirhugaðrar tengingar Suðurlavvegur við Gaulverjabæjarveg og Larsenstrætis.
- Að smíðuð verði undirgöng fyrir reiðveg undir Suðurlavveg þar sem hann kemur inná vegstæði Gaulverjabæjarvegur.
- Að ný brú yfir Ölfusá verði með greiðri reiðleið yfir ána.
- Að nýtt hringtorg vestan megin ár verði með undirgöngum fyrir ríðandi umferð og tengist reiðvegakerfi Ölfuss.

Tveir fulltrúar Sleipnis munu sitja í nefndinni með ofangreindum fulltrúum.

--
Með von um jákvæðar undirtektir,
bestu kveðjur,
Stjórn Sleipnis